



Komið þið sæl, sveitarsjóri og formaður skipulags og umhverfisnefndar :)

Mig langar svo að eyðibýlin í sveitarfélaginu verði öll merkt, mér finnst sjálfri svo gaman að sjá merkingar t.d. á Háreksstaðarleiðinni en þar eru eyðibýlin merkt.

Ég er búin að senda fyrirspurn á vegagerðina varðandi Bjarmaland og Djúpalæk, þið sjáið svörin hér fyrir neðan, segir mér reyndar lítið og þau virðast vera eitthvað blönk hjá vegagerðinni.

Í framhaldi af þessum pælingum mínum með að merkja Bjarmaland og Djúpalæk þá langaði mig að athuga hvort þetta væri eitthvað sem umhverfis og skipulagsnefnd væri til í að taka fyrir, hvort það sé eitthvað sem sveitarfélagið vilji leggja áherslu á, að merkja eyðibýlin okkar og halda þannig sögu svæðisins á lofti?

kv Hilma

Frá: **Kristófer Ágúst Kristófersson - VG** <kristofer.a.kristofersson@vegagerdin.is>

Sæl Hilma

Nýir staðarvísar sem eru við afleggjara að bæjum eru í flestum tilfellum greiddir af sveitarfélögum og Vegagerðin sér svo um uppsetningu. Viðhald staðarvísa er svo í höndum Vegagerðarinnar og er reynt eftir fremsta megni einnig að viðhalda þeim og einnig við eyðibýli þar sem saga okkar Íslendinga er. Hins vegar þá er viðhaldsfé af skorum skammti og eru merkingar að eyðibýlum því ekki í forgangi, en það er ekki þar með sagt að ekki verði bætt úr merkingum þarna á einhverjum tímapunkti.

Kveðja,



Kristófer Ágúst Kristófersson

Verkefnastjóri almenn þjónusta
Þjónustusvið

kristofer.a.kristofersson@vegagerdin.is
[+354 522 1132](tel:+3545221132)

Cc: Kristófer Ágúst Kristófersson - VG <kristofer.a.kristofersson@vegagerdin.is>

Subject: RE: Merkingar við sveitabæi

Sæl Hilma og takk fyrir fyrirspurnina.

Ég verð að vísa þessu á hann Kristófer sem sér um öll skiltamál hjá Vegagerðinni. Hann mun svara þér hvernig er að þessu staðið með merkingu sveitarbæja annarsvegar og hinsvegar eyðibýla.

Þetta með skiltin á Háreksstaðaleiðinni get ég ekki svarað en mér skilst samt að það hafi verið einhver ferðamálasamtök sem hafi séð um þessar merkingar.



From: Hilma Steinarsdóttir <hilmasteinars@gmail.com>

Subject: Merkingar við sveitabæi

Sæll Björn

Mig langar að spyrja út í skilti sem standa við afleggjara heim að sveitabæjum, með nafni bæjarsins á. Á hvers vegum eru þessi skilti, er það vegagerðin sem skaffar þau?

Ástæða þess að ég spyr er að mig langar að það séu sett upp skilti við Bjarmaland og Djúpalæk á Langanesströnd, þar var skilti allavega fyrir Bjarmaland lengi vel en nokkur ár síðan það eyðilagðist.

Mér finnst svo flott að keyra Háreksstaðaleiðina og sjá öll skiltin þar yfir eyðibýlin, á hvers vegum eru þau skilti?

kv Hilma Steinarsdóttir

sími 864-2139